Tillögur á aðalfundi Snæfells 14.09.2014.

Aðalfundur Snæfells vill leyfa löndun á hvítlúðu(lúðu) sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða. Verðmæti komi til skipta milli útgerða og sjómanna.

Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega kvótasetningu á blálöngu.

Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega ráðgjöf Hafró á grásleppuveiðum. Fundurinn telur að hún sé í engu samræmi við veiðar og gengd grásleppu undanfarin ár.

Aðalfundur Snæfells ályktar að sóknardagar á grásleppuveiðum verði aldrei færri en 50.

Aðalfundur Snæfells ályktar að félagsmenn fari aldrei til veiða á grásleppu fyrr en verð fyrir grásleppuafurðir liggi fyrir og telur fundurinn að 20% verðlækkun hafi ekki átt við rök að styðjast á síðustu vertíð.

Aðalfundur Snæfells ályktar að markaðsmál á grásleppuafurðum verði tekin til endurskoðunar og lögð verði vinna í nýtt markaðsátak til að selja grásleppuafurðir til Asíu og Suður-Ameríku.

Aðalfundur Snæfells ályktar að lámarkagjald hvers félagsmanns (báts) í LS verði kr 50.000- fimmtíu þúsund krónur.

Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir því að fullum þunga að úthlutað verði 15.000 tonnum af síld til handa krókabátum og smábátum með aflamark. Veiðigjöld verði í samræmi við aðra útgerðaflokka á síldveiðum.

Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér að fullun þunga fyrir því að makrilveiðar á handfæra og línubátum verði aldrei kvótasettar. Veiðar hefjist ekki fyrr en 1. júli og verði til 31. des, ár hvert. Barist verði fyrir því að smábátar fái að veiða 15% af heildarúthlutun aflamarks í makrilveiðum.

Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega veiðum nótaveiðiskipa á síld á grunnsævi í Breiðafirði. Það getur ekki talist vistvænt að veiða í 60 faðma djúpa síldarnót á

10 faðma dýpi. Fundurinn leggur til að umræddum skipum verði óheimilt að stunda veiðar á grynnri sjó en sem svarar dýpt nótarinnar.

Aðalfundur Snæfells hvetur LS að fullum þunga í baráttunni fyrir strandveiðum með þeim tillögum sem strandveiðinefnd LS lagði til „ Strandveiðar til framtíðar“ þ.e 4.daga. 4 mán, 4 rúllur og 774 kg að hámarki hvern dag.

Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega viðvarandi kvótaskerðingum á ýsukvóta.

Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að aflaregla í þorski miðist við 25 % .

Aðalfundur Snæfells ályktar að reglugerðarlokanir standi aldrei lengur en í 6 mánuði. Umrædd reglugerðarhólf verði þá opnuð sjálfkrafa og verði skoðuð af starfsmönnum Fiskistofu.